


Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar

Hr. Sigurður Haraldsson

Norðurhelli 2

221 Hafnarfjörður



Efni: Hreinsun í Krýsuvík.

Á ferð minni með ferðamenn í Krýsuvík fyrir nokkru síðan rakst ég á gamlar uppistöður gróðurhúsa sem eru í algærrni niðurníðslu og engum til nota né yndisauka.

Það kviknaði hjá mér hugmynd að bjóðast til að hreinsa til á svæðinu með það í huga að nýta það sem nýtilegt er og farga því sem ónýtt er.

Með þessu væri hægt að slá tvær flugur í einu höggi. Taka til og fegra í Krýsuvík og nýta uppistöðurnar til frekari uppbyggingar í Gróðrastöðinni í Þorlákstúni.


Þar hefur verið frá upphafi framkvæmt í anda þess, að nýta og vernda í stað þess að rífa og henda, og er nú gamla Marteinhús góður vitnisburður þar um, gengið í endurnýjun lífdaga.

Meðfylgjandi þessu bréfi sendi ég ykkur myndir af uppistöðunum og aðstæðum í Krýsuvík.

Það er von mín að skipulags- og byggingaráð taki jákvætt í þessa umleitan og markmiðið er að geta nýtt þessar uppistöður strax í vetur.

Með vinsemd og virðingu.

Garðyrkja ehf



Steinþór Einarsson

skrúðgarðyrkjumeistari













